

**Ed.**

**960. Frumvarp til laga**

[238. mál]

um Siglingamálastofnun ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 845 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Siglingamálastjóri skal, að fenginni umsögn siglingamálaráðs, skipaður af samgönguráðherra til fimm ára í senn. Hann annast framkvæmdastjórn þeirra mála sem falin eru Siglingamálastofnuninni.

Ráðherra ræður annað starfsfólk stofnunarinnar að fengnum tillögum siglingamálastjóra.

Siglingamálastofnun ríkisins skal skipt í deildir skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

Heimilt er siglingamálastjóra að ráða trúnaðarmenn Siglingamálastofnunar utan höfuðborgarsvæðisins og ákveður ráðherra þeim þóknun að fengnum tillögum siglingamálastjóra.

6. gr. hljóðar svo:

Samgönguráðherra skipar sjö fulltrúa í siglingamálaráð til fjögurra ára í senn, svo og varamenn þeirra.

Formann og varamenn hans skipar ráðherra án tilnefningar og skal formaður vera fulltrúi samgönguráðuneytisins. Aðra fulltrúa skipar ráðherra skv. tilnefningu eftirtalinna samtaka: Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Sambands íslenskra kaupskipaútgerða, Sjómannasambands Íslands, Félags dráttarbrauta og skipasmiðja og Slysavarnafélags Íslands.

Ef aðalmaður er fjarverandi situr varamaður fundi í hans stað. Varamaður á rétt á fundarsetu þótt aðalmaður sé á fundi og hefur þá málfrelsi og tillögurétt.

Siglingamálastjóri situr fundi siglingamálaráðs ásamt þeim embættismönnum stofnunarinnar, sem hann telur ástæðu til eða ráðið óskar eftir, með málfrelsi og tillögurétti.